

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn þriðjudaginn 10. febrúar 2009 í Glerárskóla

Mættir: Valdimar Pálsson formaður, Magna Guðmundsdóttir, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir.

Helga Aðalgeirsdóttir ritaði fundargerð.

Formennska í hverfisnefndinni

Rætt hafði verið um verið að Magna Guðmundsdóttir myndi taka að sér formennsku í hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis um áramót en þar sem mjög lítið er eftir af starfsárinu var ákveðið að Valdimar Pálsson myndi sitja sem formaður hverfisnefndar fram að aðalfundi.

Samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri

Nefndin fékk senda samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri og var samþykktin lesin upp. Umræður voru um að hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis hefði komið af flestum þeim þáttum sem tilgreindir eru í samþykktinni.

Aðalfundur 2009

Stefnt er að því að halda aðalfund laugardaginn 14. mars 2009. Rætt um undirbúning fundarins, möguleg erindi frá Akureyrarbæ, húsnæðismál fyrir fundinn, nýtt fólk í hverfisnefnd og verkum skipt á milli manna.